

Námsáætlun í hönnun og smíðum fyrir 1. bekk vor 2017

Tímabil: Janúar – júní

Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

Kennari: Unnar Eiríksson

Markmið

Að nemendur

- þekki hamra og sagir og þjálfist í notkun þeirra
 - kunni að festa útsögunarklauf í hefilbekk
 - geti notað lím í samsetningar
 - geti greint notkunarvið verkfæra og unnið með þau á öruggan hátt
 - þekki mun á grófum og fínum sandpappír og geti notað hann
 - geti greint mismunandi smíðaeefni, s.s. furu/greni, krossvið og mdf-efni
 - kunni að nota viðarolíu og liti til skreytingar.
 - geti leyst einföld verkefni á sjálfstæðan hátt
 - geri sér grein fyrir því hvað þarf til vandaðra vinnubragða og sýnir vinnu annarra virðingu.
 - geti nýtt eigin hugmyndir til að skreyta smíðisgripi sína
 - geti gengið snýrtilega um verkfæri og áhöld og sópað smíðastofuna
 - geti notað viðeigandi persónuhlífar og sitji/standi rétt við vinnu sína
 - geti unnið ein að lausn verkefna
 - hafi þroskað með sér þolimæði til vandaðrar vinnu
 - Nem. sýni skilning á mikilvægi þess að fylgja vinnureglum á vinnusvæði út frá öryggissjónamiði.
 - geti flokkað pappír og annan úrgang sem fellur til í smíðastofunni
-

Inntak

Nemendur smíða og hanna ýmis einföld verkefni. Lögð áhersla á það að nemendur öðlist færni í notkun verkfæra. Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Lögð mikil áhersla á það að innlagnir að verkefnum séu skýrar og auðveldi nemendum vinnuna við verkefnið. Að öðru leyti er kennslan einstaklingskennsla. Lögð er áhersla það að nemendur kynnist smíðastofunni og að nemendur venjist umhverfinu og þeim hættum sem geta leynst í smíðastofunni ef ekki er varlega farið.

Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Kennsluverkefni eru verkefni sem kennari leggur fyrir nemendur. Lögð er áhersla á að verkefni séu nytjahlutir.

Námsefni

1. Aðalnámsefni vetrarins er Woodwork with kids
2. Hönnun og smíði í 1. – 4. bekk
3. Verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag

Í upphafi hvers tíma fer innlögn fram þar sem farið er yfir það sem gera á í tímanum. Farið yfir nöfn og notkun þeirra verkfæra sem nota á í verkefninu. Í lok hvers tíma er farið yfir hvað gert var. Rifjuð upp nöfn á verkfærum og efnum sem notuð voru.

Námsmat

Samkvæmt námskrá eru þessir þættir teknir til athugunar: Umgengni og hegðun. Virkni og vinnubrögð nemandans. Lokaafurðir nemandans. – hönnun, útlit, skreyting, verkefnið í heild.

Tímabil	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
10. janúar	Úr smiðju kennara	Kastspil unnið úr birki eða víði. Gosflaska er endurnotuð í verkefninu.	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf. Verkfæri: Skæri, sandpappír, borvél (<i>nemendum kennt að nota hana</i>) og límbyssu. Innlögn í meðferð tálguhnífa og farið vel yfir þau atriði sem hafa þarf í huga áður er byrjað er að tálga.
17. janúar	Úr smiðju kennara	Andlit úr birki.	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf. Kennd er notkun á sandpappír og trélími. Vinnuaðferðir: Pússa, líma, bora. Verkefnið tekur tvær kennslustundir.
24. janúar	Úr smiðju kennara	Dós undir smádót.	Innlög frá kennara. Kennd er notkun á sandpappír og farið í mismunandi tegundir þeirra. Nemendur fá að nota límbyssu. Verkefnið tekur tvær kennslustundir.
31. janúar	Úr smiðju kennara	Naglamynd	Innlögn frá kennara. Nemendum kennt að negla með hamri.
7. febrúar	Úr smiðju kennara	Kubbavélmenni. X4	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf. Vinnuaðferðir: Pússa, bora, skrúfa, líma, mála og lakka. Verkefnið tekur fjórar kennslustundir. Nemendur fá kynningu á málingu og penslum. Umgengni og notkun.
14. febrúar	Úr smiðju kennara	Kubbavélmenni frh.	Sama
21. febrúar	Úr smiðju kennara	Tröll úr íslensku efni	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf. Vinnuaðferðir: Mæla, saga, pússa, bora, olíubera /mála.
28. febrúar	Úr smiðju kennara	Ormur úr birki	Innlögn frá kennara. Vinnuaðferðir mæla, saga, bora, líma, mála/olíubera. Nemendum sýnd notkun súluborvélar og kennari sýnir mismunandi tegundir saga og kennir notkun þeirra. Verkefnið tekur fjóra kennslutíma
7. mars	Úr smiðju kennara	Sama	
14. mars	Úr smiðju kennara	Tálgun - lyklakippa	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf.
21. mars	Úr smiðju kennara	Páskaungi úr tréafgöngum	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf.
28. mars	Úr smiðju kennara	Krítartafla	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf.

18. apríl	Úr smiðju kennara	Skartgripur úr messing/kopar eða nýsilfri	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf. Vinnuaðferðir. Hanna, klippa, pússa og bora. Hvernig á að nota silfurfægilög.
25. apríl	Úr smiðju kennara	Andlit – ljósmynd, púsl	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf.
2. maí	Úr smiðju kennara	Tré undir skartgripi og annað dót	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf
9. maí	Úr smiðju kennara	Lyklahengi, snagi með myndum af fjölsk.	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf
16. maí	Úr smiðju kennara	Negla og vefa	
18.-22. maí	Úr smiðju kennara	Undir liti – borað í birki og greni	Innlögn frá kennara, einstaklingsaðstoð eins og þarf